

Hækkun á frístundastyrkjum - 1812064

Tillaga fræðsluráðs um hækkun á frístundastyrk úr 4000 kr. á mánuði í 4500 kr. á mánuði frá og með 1. september 2019 er vísað til umsagnar í fjölskylduráði.

Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþrótta- og tómskundaiðkun íbúa á aldrinum 67 ára og eldri. Markmiðið með niðurgreiðslunum er að gera eldri íbúum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþrótta- og tómskundastarfi óháð efnahag og efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

Fjölskylduráð bókaði á fundi sínum þann 12. janúar 2018 eftirfarandi:

*„5.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 12.jan. sl.
Fjölskylduráð leggur til við bæjarstjórn að frístundastyrkur til eldri borgara verði hækkaður í samræmi við aðra hópa og fylgi þróun frístundastyrkja fyrir börn og ungmenni. Fjárhagslegar forsendur verða metnar um mitt ár og afstaða tekin til þess hvort gera þarf viðauka vegna breytingarinnar. Ráðið felur sviðsstjóra að endurskoða fyrirbyggjandi samkomulag við ÍBH.“*

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða með 11 greiddum atkvæðum að frístundastyrkur til eldri borgara verði hækkaður í samræmi við aðra hópa og fylgi þróun frístundastyrkja fyrir börn og ungmenni.

Samtals fengu 861 eldri borgari frístundastyrk árið 2018. Þar af voru 177 einstaklingar með hæsta styrk, þ.e. 48.000 kr. á ári og 19 voru með styrk frá 40-48 þúsund. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð hækkun hafi einungis áhrif á þennan hóp þar sem aðrir eru með lægri árskort. Miðað við þessar forsendur er hægt að gera ráð fyrir að fyrirhuguð hækkun kosti um 1.176.000.-kr. á ári eða tæpar 400 þús. frá 1.sept. – 31. des. 2019.

Hafnarfjörður 31. janúar 2019.

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.